

19. desember 2019

Sláturfélagið Búi
Heppuvegi 6
780 Höfn

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Sláturhús Sláturfélagsins Búa á Höfn

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir sláturhús að Heppuvegi 6 á Höfn barst 5.11.2019. Umsækjandi er Sláturfélagið Búi kt. 570901-3460.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 4. nóvember sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 3. desember 2019.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi